

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2017, mánudaginn 27. nóvember, var haldinn 107. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 17.02. Viðstödd voru: Ragnar Karl Jóhannsson, Margrét Sverrisdóttir, Kristín Sigurey Sigurðardóttir og Óttarr Örn Guðlaugsson. Einnig voru viðstödd Kristinn Steinn Traustason, fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals, Þórir Jóhannsson fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts, Linda Jónsdóttir fulltrúi Framsóknar og flugvallavina og Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri ÞÁG.

Fundarritari var Trausti Jónsson.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um umferðarhraða í hverfinu.
Samþykkt að fresta umræðum til næsta fundar og óska eftir að samgöngustjóri mæti til upplýsinga.
2. Fram fer umræða um kosningar í hverfið mitt 2017.
3. Tekin er til afgreiðslu styrkbeiðni til hverfisráðs frá íbúa Þórðarsveigs 1 – 5.
Styrkur samþykktur til kaupa á Bocciasetti og til merkingar á Bocciavelli.
4. Lögð fram styrkbeiðni frá íbúasamtökum Grafarholts vegna þrettándahátíðar.
Samþykkt að veita styrk að upphæð 100.000 kr.

Þórir Jóhannsson, fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts og Kristinn Steinn Traustason víkja af fundinum undir þessum lið.

5. Lögð fram styrkbeiðni íbúasamtaka Grafarholts vegna reksturs samtakanna.
Samþykkt að veita styrk að upphæð 80.000 kr. með því skilyrði að framvísa þarf ársskýrslu.

Þórir Jóhannsson, fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts og Kristinn Steinn Traustason víkja af fundinum undir þessum lið.

6. Lögð fram styrkbeiðni íbúasamtaka Úlfarsárdals vegna reksturs samtakana.
Samþykkt að veita styrk að upphæð 80.000 kr. með því skilyrði að framvísa þarf ársskýrslu.

Þórir Jóhannsson, fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts og Kristinn Steinn Traustason víkja af fundinum undir þessum lið.

7. Fram fer umræða um næstu fundi hverfisráðs.
Samþykkt að næsti fundur hverfisráðsins verður annan mánudag í janúar og að jafnframt verða fundir hverfisráðs haldnir framvegis annan mánudag í hverjum mánuði.
8. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 13. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu um breytta skipun í hverfisráð
Frestað.
9. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 1. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn frá hverfisráðinu um stofnun hverfissjóðs.

Hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals fagnar tillögu stjórnkerfis- og lýðsræðisráðs samanber bréf frá borgarstjóra og borgarritara dags. 1. nóvember. sl. um að stofnaður verði hverfissjóður. Æskilegt er að sjóðurinn sé öflugur svo að hann geti sinnt því hlutverki að styðja við félagsauðsverkefni í hverfum. Æskilegt er að hægt verði að veita styrki úr sjóðnum hið minnsta tvisvar á ári.

Fundi slitið kl. 18.29

Ragnar Karl Jóhannsson

Margrét Sverrisdóttir
Óttarr Örn Guðlaugsson

Kristín Sigurey Sigurðardóttir